

LÖG

um breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „eða aðrar sambærilegar orsakir“ í 2. mgr. kemur: eða aðrar viðlíka ástæður.
- b. 3. mgr. orðast svo:

Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu og fullnægir skilyrðum 2. mgr., skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag sem það greiðir starfsmönnum laun meðan á tímabundinni vinnslustöðvun stendur að undanskildum fyrstu þremur dögum á hverju almanaksári, sbr. þó einnig 4. mgr.
- c. Í stað orðanna „30 greiðsludaga“ í 4. mgr. kemur: 20 greiðsludaga.
- d. Í stað orðanna „60 greiðsludaga“ í 4. mgr. kemur: 45 greiðsludaga.
- e. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Þrátt fyrir takmarkanir 4. mgr. á heildarfjölda greiðsludaga á ári hverju er Vinnu-
málastofnun heimilt að veita undanþágur þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi er leiða
til þess að hráefnisskortur veldur því að vinnsla liggur niðri á annars venjubundnum
vinnslutíma fyrirtækis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Fyrirtæki, sem hyggst sækja um greiðslu skv. 1. gr., skal tilkynna skriflega um fyrir-
hugaða vinnslustöðvun með eins sólarhrings fyrirvara til Vinnu-
málastofnunar. Skal fyrirtæki staðfesta tilkynninguna með umsókn um greiðslur ásamt nauðsynlegum upp-
lýsingum um fyrirhugaða vinnslustöðvun, þar á meðal ástæður hennar, innan mánaðar
frá því að vinnslustöðvun hófst. Hafi hvorki umsókn né tilskilin gögn borist Vinnu-
málastofnun innan þriggja mánaða frá því að vinnslustöðvun hófst mun réttur fyrirtækisins
til greiðslna falla niður að því er varðar umrædda vinnslustöðvun.
- b. Í stað orðanna „Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 2. mgr. kemur: Vinnu-
málastofnun.
- c. Síðari málslíður 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs“ í 1. mgr. kemur: Vinnu-
málastofnun.

b. 2. mgr. orðast svo:

Vinnumálastofnun skal hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhalda fyrirtækis ásamt kauptryggingarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækis og starfsmanna þess. Starfsmenn Vinnumálastofnunar skulu fara með allar upplýsingar sem þeir komast að við framkvæmd á lögum þessum og varða persónuleg málefni eða rekstur fyrirtækja sem trúnaðarmál.

c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafi fyrirtæki fengið hærri fjárhæðir úr Atvinnuleysistryggingasjóði en það á rétt á samkvæmt lögum þessum á grundvelli rangra eða ófullnægjandi upplýsinga ber því að endurgreiða þær. Þá er Vinnumálastofnun heimilt að draga ofgreiddar fjárhæðir frá greiðslum sem fyrirtækið getur átt rétt á síðar samkvæmt lögnum.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um hvers konar gögn skulu fylgja umsókn fyrirtækis sem sækir um greiðslur samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni Magnússon.